

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 236/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á VI. viðauka við EES-samninginn (Félagslegt öryggi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli nr. A1 frá 18. október 2017 um útgáfu staðfestingarinnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ⁽¹⁾.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ og á undan lið 4.PI (tilmæli nr. P1 frá 12. júní 2009) í VI. viðauka við EES-samninginn.

„4.A1 **32018 H 0529(01)**: Tilmæli nr. A1 frá 18. október 2017 um útgáfu staðfestingarinnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (Stjtið. ESB C 183, 29.5.2018, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla nr. A1, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 183, 29.5.2018, bls. 5

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING